Kópavogsbær
Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

2504798/103.03 SÞ

Drög að
GJALDSKRÁ
VEGNA AKSTURSÞJÓNUSTU FYRIR FATLAÐ FÓLK

1. gr.
Upphæð gjalds

Almennt gjald fyrir fólk með fötlun er fyrir hverja ferð helmingur af fargjaldi strætó (nú kr. 335 kr.) Þetta verð á við:

- Fastar ferðir pantaðar með dags fyrirvara (fyrir kl. 16:00 daginn áður)
- Kvöldferðir pantaðar fyrir kl. 16 á virkum dögum eða fyrir kl. 14 um helgar

Ferðir sem kosta kr. 1.000 kr. aukalega:

- Samdægurs ferðir, þ.e ferðir sem hafa ekki verið pantaðar fyrir klukkan 16 daginn áður.
- Kvöldferð sem er pöntuð eftir kl. 16 á virkum degi eða eftir kl. 14 um helgi, með a. m. k. 2ja tíma fyrirvara.

Árskort kostar nú 33.600 kr. og 6 mánaða kort 20.160 kr. Tímabilskort gilda fyrir fastar ferðir sem mætt er í. Fyrir ferðir sem pantaðar eru samdægurs og fyrir kvöldferðir sem pantaðar eru eftir kl. 16 á virkum dögum eða eftir kl. 14 um helgar er greitt almennt gjald ásamt 1.000 kr. aukalega. Ef ekki er mætt í bókaða ferð er greitt almennt fargjald.

Gjald er innheimt með gíróseðli um hver mánaðarmót

2. gr.
Gildistaka

Gjaldskrá þessi er sett skv. 29. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

Gjaldskrá þessi tekur gildi 1. júní 2025 og fellur þá jafnframt úr gildi eldri gjaldskrá akstursþjónustu fatlaðs fólks.

Gjaldskrá þessi er samþykkt á fundi bæjarráðs xxxxxx

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026